

Sp.

128. Tillaga til þingsályktunar

[108. mál]

um breytingu á tímasetningu fjárlagaárs.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að athugun verði hafin á því, hvort ekki sé unnt að breyta hinu almenna uppgjöri ríkisreikninga, opinberra fyrirtækja, ríkisbanka og stofnana þannig, að reikningsárið hefjist 1. júlí ár hvert í stað 1. janúar og ljúki 30. júní í stað 31. desember.

Fjárlög miðast við sama tíma.

Greinargerð.

Í upphafi reglulegs Alþingis í október ár hvert leggur fjármálaráðherra fram frumvarp til fjárlaga fyrir komandi ár. Ráðherra ásamt fjárveitinganefnd Alþingis og viðkomandi embættismönnum eiga mestan hlut að gerð og mótun fjárlagafrumvarpsins umfram það, sem gildandi lög mæla fyrir.

Framangreindir aðilar inna af hendi mikið og ítarlegt starf við undirbúning fjárlaga ár hvert. Hafa þeir margir hverjir margra ára reynslu á þessu sviði og vinna sitt verk óaðfínanlega. Hins vegar verður dregið í efa, að með því fyrirkomulagi, sem nú er viðhaft við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi, geti alþingismenn yfirleitt fjallað á viðunandi hátt um þessi viðamiklu mál, sem grípa inn á flest svið íslensks þjóðlífs.

Reynsla undangenginna ára hefur sýnt, að framlögð frumvörp til fjárlaga hafa ekki breyst í veigamiklum atriðum í meðförum Alþingis, nema þá helst til hækkunar. Skammur tími gerir mjög erfitt fyrir að breyta út frá mótaðri stefnu fjárlagafrumvarps, sem koma skal til framkvæmda 2—3 mánuðum eftir að það er lagt fram, auk þess sem naumur tími gefur lítið svigrúm til að breyta eldri lögum, er setja lögjafarvaldinu skorður í þessum efnunum.

Ástæða er til að óttast, að áframhaldandi óbreytt fyrirkomulag þessara mála og ófullnægjandi afskipti Alþingis af þeim geti haft afdrifaríkar afleiðingar til hins verra fyrir þingræðið í landinu.

Fyrir flutningsmanni vakir, að með því að breyta tímasetningunni á uppgjorsári hins opinbera og fjárlaga gefist alþingismönnum betra svigrúm til að fjalla um einstaka þætti þeirra og gera viðeigandi lagabreytingar eftir því sem stefnumótun þróaðist á Alþingi í þeim veigamiklu málum, sem fjárlögin spanna yfir.

Eðli málsins samkvæmt mundi Alþingi sitja lengur að störfum fyrri hluta árs en áður hefur tíðkast, ef farið yrði inn á þær brautir, sem þingsályktunartillagan felur í sér.